

## AUGLÝSING

### um staðfestingu breytinga á skipulagsskrá fyrir Söngskólann í Reykjavík, nr. 395 26. október 1978.

Á aðalfundi sjálfseignarstofnunarinnar Söngskólinn í Reykjavík hinn 3. desember 1993 voru samþykktar eftirfarandi breytingar á 11. og 12. grein skipulagsskrár stofnunarinnar:

1. 2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og ræður auk stundakennara annað starfsfólk skólans í samráði við stjórnina og sér um reikningshald fyrir skólann. Stjórnin heldur fundi er formaður eða skólastjóri telja þess þörf. Eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, skal leggja fyrir stjórnarfund skýrslu um starfsemi skólans á liðnu starfsári, svo og endurskoðaða reikninga skólans fyrir sl. reikningsár. Ársreikningur skal gerður í samræmi við góða reikningsskilavenju og hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Skýrslu stjórnar og ársreikning undirritaðan af stjórn og löggiltum endurskoðendum, skal síðan leggja fyrir aðalfund Styrktarfélag Söngskólans. Þegar ný stjórn hefur verið kosin skal fráfarandi formaður boða hina nýkjörnu stjórn á fund og gangast fyrir kosningu formanns.

2. 12. gr. orðist svo:

Reikningsár skólans miðast við skólaárið og er 1. ágúst til 31. júlí. Skulu endurskoðendur haf lokið endurskoðun fyrir lok októbermánaðar. Auk venjulegrar endurskoðunar kjörinna félagsendurskoðenda, skal stjórnin fela löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikningana. Með endurskoðuninni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju. Hann skal í áritun á ársreikninginn greina frá niðurstöðu endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Veita skal endurskoðanda óhindraðan aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum skólans.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Söngskólinn í Reykjavík staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. mars 1994.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*